

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga skv. lögum um almannatryggingar með síðari breytingum, annarra en barnalífeyris skv. 14. gr., mæðra- og feðralauna skv. 15. gr. og tekjutryggingar og heimilisuppbótar skv. 19. gr., skulu hækka um 2% frá og með 1. júní 1984 frá því sem þær voru í maímánuði s. l.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júní 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

1. gr.

25. gr. orðist svo:

#### **Ferðastyrkir.**

Námsmaður, sem stundar lánshæft nám fjarri heimili sínu getur sótt um ferðastyrk sem nemur einu námsmannafargjaldi milli heimilis og námsstaðar á aðstoðarárinu. Með umsókn um ferðastyrk skal fylgja farseðill eða reikningur um kaup á farseðli, og ganga þeir að öðru jöfnu fyrir um styrk er stunda nám, sem ekki verður stundað hér á landi. Styrkurinn er að öðru jöfnu veittur miðað við verð farmiða við upphaf og lok skólaárs. Heimilt er skv. nánari reglum að fella niður eða skerða rétt til ferðastyrkja ef umsækjandi hefur mun meiri ráðstöfunarfé en almennir námsmenn er njóta annarra aðstoðar lánsjóðs.

2. gr.

46. gr. orðist svo:

#### **Félagsgjöld SÍNE.**

Ef stjórn Sambands íslenskra námsmanna erlendis óskar, og námsmaður skráir ósk um það á umsóknareyðublað sitt, getur Lánasjóður dregið félagsgjald til samtakanna frá láni.

*Menntamálaráðuneytið, 18. júní 1984.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Knútur Hallsson.*